

Borgarráð 19. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kort Reykjavíkurborgar MSS24090106

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvers vegna ekki er búið að innleiða greiðslugátt og koma öllum plastkortum Reykjavíkurborgar rafrænt í síma?

Greinargerð

Flokkur fólksins hefur áður gagnrýnt þennan seinagang á innleiðingu rafrænna lausna í stað plastkorta sem eru enn í notkun hjá Reykjavíkurborg. Þetta verkefni hefur verið fjármagnað. Það er ekki heldur búið að innleiða rafræna greiðslugátt á síðum borgarinnar. Ekki er vitað betur en að slíkar greiðslugáttir séu nú þegar komnar í notkun hjá opinberum aðilum. Garðabær er sem dæmi löngu kominn með sundkort í síma.